

## GJALDSKRÁ

**fyrir losun taðþróa í Hlíðarþúfum í Hafnarfjarðarkaupstað.**

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar er heimilt að leggja á sérstakt taðþróargjald.

2. gr.

Taðþróargjaldið skal standa undir öllum kostnaði við hreinsun taðþróa í Hlíðarþúfum. Þar sem hreinsun taðþróa er sérstaklega flókin skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði. Af öllum hestúsum í Hlíðarþúfum skal greiða taðþróargjald.

3. gr.

Taðþróargjald greiðist til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Gjald fyrir hreinsun taðþróa í Hlíðarþúfum – hestúshverfi er sem hér segir.

Taðþróargjald*	pr. stú	19.672 kr.
----------------	---------	------------

\* Árlegt taðþróargjald á hverja stú samkvæmt samþykktri byggingarnefndarteikningu.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtu-kostnaðar.

5. gr.

Taðþróargjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í bæjarráði 14. desember 2020 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 16. desember 2020.

Gjaldskráin sem er birt í B-deild Stjórnartíðinda tekur þegar gildi. Jafnframt fellur gjaldskrá nr. 1352/2019 úr gildi.

*Hafnarfirði, 16. desember 2020.*

**Rósa Guðbjartsdóttir** bæjarstjóri.